

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matorka ehf Grindavík i5



Dags eftirlits	8.6.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Matorka ehf	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Reitur I5, vestan Grindavíkur	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500412-0540	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Stefanía Karlsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinbjörn Oddsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram í eftirliti. Snýr að hreinsun frárennslis. Ein ábending var gerð. Ábendingin snýr að kröfu í starfsleyfi, grein 4.3, um að niðurstöðum mælinga í fráveitu sé skilað til eftirlitsaðila tvisvar á ári, þ.e. við hámarksfórun og við lágmarksfórun.

Engin eldri frávik eru opin.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Fyrir lá að skoða fiskeldi Matorku Húsatóftum, áframeldi (grow-out) á svæði i5. Lífmassi í stöðinni á skoðunardegi var 537 tonn.

Eftirlitið hófst á fundi. Mætt voru Stefanía Katrín Karlsdóttir, Sveinbjörn Oddsson frá Matorku og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

1. Staða á frávikum og ábendingum fyrrí ára
2. Ölumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
3. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar
4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
6. Skoðun á búnaði og lóð

1. Óllum frávikum hefur verið lokað og tekið tillit til ábendinga í síðustu eftirlitsskýrslu. Losun N og P er nú einnig reiknuð út frá fóðurnotkun og mánaðarlega eru teknað myndir við útrás í fjöru. Gögnum var skilað með ársyfirliti í apríl sl. Engar athugasemdir eru gerðar.

2. Vararafstöð er með innbyggðum olíugeymi. Rekstraraðili telur það nægjanlegar olíuborgðir þar sem stutt er í þjónustu og óliubill getur verið kominn á staðinn á nokkrum minútum. Annar olíugeymir (neyslugeymir) vegna áfyllinga á tæki stöðvarinnar stendur á steinsteyptu undirlagi og er vel um hann gengið. Rekstraraðili hefur skilað skráningarblaði vegna olíugeyma og verður því komið áfram til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja sem heldur utan um skráningar á stökum olíugeymum.

3. Skoðaðar voru áætlunarir sem skulu liggja fyrir, þ.e. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, neyðaráætlun, viðbragðsáætlun, áætlun um meðhöndlun úrgangs og vöktunaráætlun. Allar hafa nýlega verið uppfærðar. Til viðbótar liggur fyrir áætlun um viðbrögð vegna óvissustigs á Reykjanesi sem tekur á viðbrögðum sem verða ef til kemur að aðkeypt rafmagn berist ekki, breytingar á vatnsbúskap á Húsatóftum og áhrifum af jarðhræringum og eldgosi. Aðferðir við skráningar voru skoðaðar og hvernig upplýsingar úr Fish Control, dagbókum og myndatöku eru nýttar til þess að uppfylla skráningaskyldur í starfsleyfinu.

Skýrslur og gagnaskil samkvæmt starfsleyfi eru árleg skil á ársyfirliti, Grænu bókhaldi og Útstreymisbókhaldi (umhverfisupplýsingum). Eins er í nýju starfsleyfi krafa um að niðurstöðum mælinga sé skilað til eftirlitsaðila tvisvar á ári, þ.e. mælingum sem gerðar eru í fráveitu við hámarksfórun og eins mælingar sem gerðar eru við lágmarksfórun. Bent er að bessa kröfu þarf að uppfylla.

Farið var yfir niðurstöður mælinga og reyndist allt í góðu lagi. Útreiknuð losun á fosför út frá mælingum var 4 kg P/framleitt tonn. Ágætt samræmi var á fosfólosun þegar magnið var reiknað út frá fóðurnotkun.

Rekstraraðili er ekki með vottað umhverfisstjórnunarkerfi en hefur sett sér umhverfismarkmið og tekið önnur skref í átt að umhverfisstjórnunarkerfi með ítarlegri skráningu á þjálfun starfsmanna, skráningum og fyrirbyggjandi viðhaldi.

Rekstraraðili er með ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar upp á 1 000 000 SDR.

4. Farið var yfir áhættumat um tíðni eftirlits ársins 2021. Breytingar á flokkum og vægi þeirra í áhættumati fyrir fiskeldi á landi voru kynntar. Uppfært áhættumat fyrir stöðina verður sent rekstraraðila áður en til næsta eftirlits kemur.

5. Kvörtun barst til Umhverfisstofnunar þann 27. janúar 2021, vegna þess að „nokkuð af dauðum fiski og úrgangi“ var í fjörunni við útrás Matorku í Arfadalsvík. Haft var samband við rekstraraðila og viðurkenndi fulltrúi Mateldis að mistök hafi orðið og starfsmaður misst fisk í frárennsli sem endaði í útrás í fjöru. Breytingar hafa verið gerðar í brunni sem notaður er til þess að minnka vatnsaga í sláturhúsi þegar fiskur er sendur til slátrunar. Farið var yfir málid með starfsmönnum og rist hefur verið sett upp í brunninum. Fiskur á ekki lengur að geta sloppið til sjávar. Úrbótum telst því lokið.

Á síðasta ári var óvenjumiklu magni af fiski komið til endurvinnslu hjá Skinnfiski ehf. í Sandgerði eða alls 186 tonn. Þetta voru viðbrögð við COVID, en fyrirsjáanlegt var að sala drægist saman á mörkuðum þar sem veitingahúsum og matsölustöðum var lokað um tíma eða opnumartími styttrur. Rekstraraðilar brugðust við með því að fækka eldisfiski í kerjum sínum og draga úr umsvifum og spara þannig fóður.

7. Farið var í vettvangsferð og stöðin skoðuð. Byrjað efst við borholur fyrir stöðina, framhjá fóðursílóum og gámi með iöntölvur fyrir fóðurstýringu frá Vaka. Í gáminum er einnig aðstaða til skráninga í stöðinni. Gengið niður með kerjum og aðferðir við vatnshreinsun og vatnsendurnýtingu skoðuð. Endað neðst í stöð i5 þar sem skoðaðar voru breytingar í brunni og hvernig koma á í veg fyrir að fiskur sleppi til sjávar þegar sláturfiski er „flössað“ niður í sláturhús. Ný krafa í starsleyfi (grein 3.5) krefur rekstraraðila um að hafa búnað í frárennsli sem tryggir viðunandi hreinun frárennslisvatns. Bent er á settjörn, tromlusíu eða sambærilegan búnað. Engin hreinsun er á frárennslisvatni og því er þetta frávik frá kröfum í starsleyfi.

□

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í starsleyfi, grein 3.5

Krafa er um hreinsun frárennslisvatns. Nú rennur það óhreinsað til sjávar.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að í samræmi við kröfu í grein 4.3 í starsleyfi skal niðurstöðum mælinga í fráveitu skilað til eftirlitsaðila tvívar á ári þ.e. við hámarksfóðrun og við lágmarksfóðrun.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.08.2021


Gottskálk Friðgeirsson

bls. 4